



Reykjavíkurborg

Skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir fólk frá Gaza



*„Miðstöðin veitti hjarta mínu og hjarta fjölskyldu
minnar gleði“*

Október

2024

Tilurð verkefnisins

Á fyrri hluta árs 2024 varð ljóst að von væri á stórum hópi frá Gaza á forsendum fjölskyldusameiningar og í mars og apríl tók Reykjavíkurborg á móti um 70 manns. Í þeim hópi voru 52 börn á aldrinum 0-17 ára sem skiptist í 18 börn á leikskólaaldri, 31 barn á grunnskólaaldri og 3 börn á framhaldsskólaaldri. Þegar vitað var að von væri á þessum stóra hópi til Reykjavíkur var ákveðið að stofna skóla- og fjölskyldumiðstöð í anda þeirrar miðstöðvar sem starfrækt var vorið 2022 þegar hópur frá Úkraínu kom til Íslands. Allar rannsóknir sýna að börn sem koma úr stríðshráðum aðstæðum eiga við áfallastreitu að stríða. Vitað var að þessi hópur frá Gaza væri að koma úr gríðarlega erfiðum aðstæðum. Mikilvægt er að skapa griðastað þar sem börn og foreldrar finna fyrir öryggi, rútinu og hlýju en skóla- og fjölskyldumiðstöð er hugsuð sem slíkur staður. Þegar fólk kom til landsins var stutt eftir af skólavetrinum hjá börnum á grunnskólaaldri þar sem páskar komu inn í og erfitt að fá pláss í leikskóla á þessum árstíma fyrir börn á leikskólaaldri. Með fyrrgreint í huga var ákveðið að skóla- og fjölskyldumiðstöðin yrði starfrækt frá 11. apríl fram til 30. júní 2024, alla virka daga frá kl. 8:30-13:00. Verkefnastjórar fjölmenningar höfðu samband við fulltrúa Mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem óskað var eftir fjárhagslegum stuðningi. Sótt var um styrk til ráðuneytisins vegna barna á flótta og fengust rúmar 16 milljónir inn í verkefnið.

Undirbúningur

Verkefnastjórar fjölmenningar hjá Miðju máls og læsis, skóla- og frístundasviði, hófu undirbúning og byrjað var á að senda póst á stjórnendur leikskóla, grunnskóla og forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva þar sem óskað var eftir arabískumælandi starfsfólki í tímabundið starf í skóla- og fjölskyldumiðstöðina. Úr varð að tveir arabískumælandi starfsmenn komu til starfa, einn úr leikskóla og einn úr grunnskóla. Þá benti grunnskóli á arabískumælandi foreldri sem einnig var ráðin inn. Því til viðbótar var ¹starfsmaður hjá Miðju máls og læsis ráðinn sem verkefnastjóri í 50% stöðu og arabískumælandi brúarsmiður Miðju máls og læsis lánaður í verkefnið. Þegar miðstöðin var aðeins farin af stað var ákveðið að bæta við einni 50% stöðu til viðbótar en sá var með mikla reynslu af frístundastarfi. Hugmyndin var að verkefnastjórar fjölmenningar kæmu verkefninu af stað og yrðu síðan starfsfólki miðstöðvarinnar innan handar en vegna álags í miðstöðinni tóku þær fullan þátt í starfsemiinni allt tímabilið. Samhliða því að fá starfsfólk til starfa þurfti að finna hentugt húsnæði. Eftir nokkra leit bauð félagsmiðstöðin Tónabær upp á að nýta aðstöðuna þar fyrir hádegi þar til sumarfrístund færi af stað í byrjun júní. Starfsemin flutti því í Kringluna 1 í byrjun júní þar til henni lauk þann 28. júní.

Rétt fyrir opnun miðstöðvarinnar náði starfsfólk að hittast og byrja að útbúa dagskipulag og kennslu ásamt því að gera umhverfið myndrænt. Í miðstöðinni var áhersla á að hægt væri að fá mikilvægar upplýsingar um íslenskt skólakerfi og íslenskt samfélag og að starfsfólk skóla- og fjölskyldumiðstöðvarinnar væri íslensku- og arabískumælandi. Veita átti aðstoð við skráningu í leikskóla, grunnskóla og frístund. Gert var ráð fyrir að foreldrar væru með, hjálpuðu og tækju þátt og að börnin væru á ábyrgð foreldra.

¹ Starfsmaður hjá Miðju máls og læsis í 50% í tímabundnu verkefni um rofna skólagöngu á vegum barna- og menntamálaráðuneytis.

Skóla- og fjölskyldumiðstöðin var opin virka daga frá kl. 8:30-13:00 þar sem lögð var áhersla á:

- Vettvang fyrir samveru fjölskyldna.
- Samfélagsfræðslu.
- Stöðumat á námslegri og félagslegri stöðu barna.
- Kynningu á leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi (bæði á kerfinu og vettvangsheimsóknir á nærliggjandi starfsstaði).
- Latneska leturgerð.
- Grunnorðaförða í íslensku.
- Undirbúning fyrir leik- og grunnskólagöngu.
- Undirbúning fyrir foreldra inn í íslenskt skóla- og frístundakerfi.

Áfallamiðuð nálgun var leiðarljós í öllu starfi sem fram fór í miðstöðinni og áhersla var á náíð og gott samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Í skóla- og fjölskyldumiðstöðinni var starfandi starfsfólk úr leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi með þekkingu eða bakgrunn frá Mið-Austurlöndum sem og starfsfólk með góða íslenskukunnáttu. Skóla- og fjölskyldumiðstöðin var hugsuð sem blíð byrjun inn í almennt skóla- og frístundastarf í Reykjavík.

Starfsemin

Dagleg starfsemi

Dagleg starfsemi fór fram á tímanum 8:30-12:30 og var horft til þess að uppbygging þess svipaði til leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs. Að meðaltali mættu um 40 manns á hverjum degi, þegar mest var fór fjöldinn upp í um 70 manns. Dagskipulag tók mið af eftirfarandi tímasetningum:

- 8:30 - 9:30 Valtími
- 9:30 - 10:00 Ávaxtastund
- 10:00 - 11:00 Kennsla
- 11:00 - 11:15 Leikir
- 11:15 - 11:45 Útivera
- 11:45 - 12:30 Matur

Daglegt starf hófst á valtíma því skjólstæðingar skóla- og fjölskyldumiðstöðvarinnar mættu á misjöfnum tíma en lögð var áhersla á að sem flestir væru mættir fyrir klukkan 10.

Horft var til þess í dagskipulaginu að virkja foreldra til þátttöku í daglegu starfi. Foreldrar hjálpuðu m.a. til í eldhúsinu, frágangi eftir að degi lauk, í útiveru og báru ábyrgð á börnum sínum.

Vikuáætlanir voru sýnilegar bæði á íslensku og arabísku.

Önnur starfsemi - heimsóknir

- Málstjórar frá Velferðarsviði voru með fasta viðveru á ákveðnum dögum.
- Barnavernd kom í heimsókn og ræddi við foreldra.
- Heimsóknir í leik- og grunnskóla.
- Heimsókn frá skólastjóra.
- Frístundaráðgjöf frá Siggju Arndísi og Jónu í Vesturmiðstöð, kynning og samtal um félagslega virkni.
- Sundferðir í Ölduselsskóla og Vesturbæjarlaug.
- Ferð í fjölskyldu- og húsdýragarð.
- Heimsókn frá borgarstjóra.
- Heimsókn frá samfélagslöggunni.
- Heimsókn í samfélagshús við Bólstaðarhlíð.
- Ferðir í Gufunesbæ og Heiðmörk í boði Miðstöðvar útivistar og útináms.
- Skráning í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf.

Fagstarf

Grunnskólastarf

Í upphafi var börnum á grunnskólaaldri skipt í hópa og unnið með viðfangsefni vikunnar í stöðvavinnu með hringekjuformi. Eftir því sem við kynntumst börnunum betur og fengum tilfinningu fyrir þeim, sáum við hag okkar í því að skipta börnunum í tvo hópa eftir getu og áhugahvöt til náms. Í öðrum hópnum voru fleiri eldri börn og í hinum fleiri yngri börn, en þó með undantekningum. Börn þurfa mismunandi nálgun eftir getu og áhuga og var leitast við að hafa verkefni fjölbreytt og kennsluaðferðir áhugahvetjandi. Notast var m.a. við beina kennslu, leiki, útikennslu, spjaldtölvuvinnu með áherslu á Bildetema, bókina *Orð eru ævintýri* og námsefni sem unnið var í Canva.

Í hverri viku var unnið með ákveðið viðfangsefni. Matið var hversu vel börn væru að ná þeim orðaforða sem unnið var með hverju sinni. Ef að börn virtust ekki vera að ná góðum tókum á orðaforða vikunnar var unnið lengur með þann orðaforða. Unnið var með eftirfarandi flokka: Fjölskyldan, litirnir, tölur 1-10, skólaorð, vikudagarnir, mánuðirnir, árstíðirnar og dýrin.

Í lok tímabilsins var gert námsmat á börnunum sem fylgdi þeim í grunnskólana. Matið var unnið í spjalli þar sem kennari notaði myndir til að kanna þekkingu barnanna.

Leikskólastarf

Í leikskólahópnum voru um 15 börn en öllu jafna mættu 5-10 börn á leikskólaaldri. Eins og í leikskólum á Íslandi var áhersla á nám í gegnum leik. Dagskipulagið var í stórum dráttum það

sama og hjá eldri börnunum, stundum var ávaxtastundin tekin inni með leikskólahópnum en stundum í matsal með öllum hópnum. Eftir ávaxtastund var söngstund/samvera þar sem voru sungin lög í tengslum við þema vikunnar og þannig bættust við lög eftir því sem á leið. Áhersla var á hreyfilög eins og *Höfuð, herðar, hné og tær, Fimm litlir apar, Hóký póký o.fl.* og einnig var stuðst við myndir þegar sungin voru lög eins *Gulur, rauður, grænn og blár*. Milli kl. 10 og 11 var eins konar hópastarf þar sem boðið var upp á eitt verkefni tengdu þema vikunnar, t.d. að teikna/mála sjálfsmynd, fjölskylduna sína, vinna með bókina *Orð eru ævintýri*, Bildetema o.fl. en börnin völdu hvort þau vildu vera í verkefni eða sjálfsprottum leik eða hvoru tveggja. Bæði í sjálfsprottum leiknum og í hópastarfi lagði starfsfólk orð á það sem börnin voru að gera á íslensku. Stundum var sögustund fyrir útiveru en þá var sögð saga á íslensku studd með myndum og útskýrð á arabísku af arabískumælandi starfsmanni (og stundum eldri börnum).

Hvernig tókst til?

Að flestu leyti gekk verkefnið vel og teljum við þetta úrræði mjög mikilvægt til þess að fólk nái að lenda, sér í lagi þegar það er að koma úr jafn hörmulegum aðstæðum eins og raun ber vitni í þessu tilviki. Í raun kom okkur á óvart hve sterk og vel sett börn og foreldrar voru þrátt fyrir allt en þó þarf að gera ráð fyrir því að áfallið komi síðar. Fræðin segja að fyrstu vikurnar sem fólk á flótta sé komið í öryggi sé það svo fegið og þakklátt fyrir það en að svo komi áfall og söknuður seinna.

Verkefnið var sett á laggirnar á mjög skömmum tíma og lítill tími gafst til þess að undirbúa starfsfólk og starfsemi. Ef farið verður í slíkt verkefni aftur er gott að hafa neðangreint í huga í undirbúningnum.

Starfsfólk

- Hóphandleiðsla fyrir starfsfólk reglulega frá upphafi tímabils.
- Fræðsla til starfsfólks um áfallamiðaða nálgun í starfi.
- Fræðsla til starfsfólks um starf með börnum á mismunandi aldri og skýra hlutverk hvers og eins starfsmanns í upphafi eins og hægt er.
- Kynning fyrir starfsfólk á menningu þeirrar þjóðar sem verkefnið snýr að hverju sinni.
- Öflugri fræðsla fyrir starfsfólk og hópefli.
- Betri undirbúningur fyrir starfsfólk í kennslu.
- Betra utanumhald um námsgögn og hvernig skuli nýta þau.
- Gera ráð fyrir fleira starfsfólki í upphafi.
- Verkefnastjóri í 100% starfi.
- Skýr rammi utan um vinnutíma starfsfólks og setja upp skýrari ábyrgð og verkefni.

Börn

- Tilbúið námsefni/leikefni fyrir mismunandi aldur.

- Leggja áherslu á félagsfærni og kenna leiki sem börn leika sér í í frímínútum á Íslandi eins og Pogó, Ein króna, fótbolli, skotbolli o.fl.

Foreldrar

- Möguleg foreldrafræðsla og íslenskukennsla og samstarf við Rauða krossinn vegna sjálfboðaliða.
- Halda betur utan um foreldrahópinn og beina málum til málstjóra á Velferðarsviði.

Starfsemin

- Meiri tími í undirbúning áður en starfið fer af stað.
- Vikuáætlanir voru sýnilegar bæði á íslensku og arabísku en það hefði þurft að vera markvissara.
- Samskiptareglur milli starfsfólks og foreldra varðandi Facebook, einkasímanúmer o.s.frv.
- Myndrænt dagskipulag.
- Myndir og orð á íslensku hengd upp.
- Sama húsnæði allt tímabilið.
- Röð, regla og rútína í forgrunni frá upphafi. Hafa skýran ramma í byrjun með möguleika á að slaka á honum með tímanum en ekki öfugt.
- Huga að kynjaskiptingu bæði barna og fullorðinna ef við á. Tilbúin viðbrögð/skipulag ef upp koma slíkar beiðnir.
- Valtíminn - fjölbreytileika í vali, huga að hvað hæfir viðeigandi aldri.
- Huga að því hvernig taka eigi á ofbeldis"leikjum" í menningu.
- Huga að rólegu umhverfi, hvetja til þess að fólk lækki málrómm sinn ef við á.
- Ræða og kynna óskrifaðar reglur í samfélaginu, t.d. ekki hlusta á háa tónlist í strætó, tala hátt eða hafa símann hátt stilltan. Bera virðingu fyrir umhverfinu, hlutum og dýrum og ekki t.d. klifra yfir girðingar.
- Betra og fastmótaðra samstarf við velferðarsvið. Mörg mál sem komu upp sneru að velferðarmálum.
- Huga að samskiptum innan hópsins, árekstrar sem komu upp milli foreldra sem þarf að geta unnið betur.
- Marka stefnu um hverjir geti tekið þátt eins og fólk utan Reykjavíkurborgar, er rukkað fyrir það? Rammi um samskipti og samstarf við önnur sveitarfélög.
- Samstarf við aðra aðila sbr. Tónabæ, nærliggjandi skóla og fleiri aðila. Hvernig tökum við á umræðunni.

- Framhaldið, hvað svo? Mikilvægi þess að sleppa ekki alveg takinu heldur að leggja áherslu á það sem er í vændum.

Viðhorfskönnun til þátttakenda í skóla- og fjölskyldumiðstöðinni

Hvað sögðu börnin?

- Mjög góður og ánægður í hvert skipti sem ég kem hingað
- Líður vel, mér líður vel hérna
- Mér líkaði það, Ég elskaði staðinn og fólkið hér
- Eitthvað nýtt og fallegt ég er mjög ánægð hér
- Allt er frábært, sætt, gott, fallegt, ég lærði fullt, fallegur tími saman
- Mér líkaði vel í skólanum, ég lærði tölur og annað
- Já, mér líkaði við miðstöðina allt er í lagi, ég lærði vikuna, mánuðina og tölurnar
- Falleg tilfinning Við lærðum um að kynnst hvort öðru, fjölskyldum og árstíðum
- Staðurinn er mjög fínn og allt er auðvelt að ná til. Ég lærði árstíðirnar, fjölskylduna, tölurnar, litina, ritföng og fl.
- Ég segi gaman að læra íslensku, vera tilbúin í skóla. Ekki neitt leiðinlegt
- Gaman að læra að lesa, ekki gaman að þurfa að vakna snemma
- Kannski að leyfa okkur að vera lengur
- Fleiri ferðir og langar ferðir
- Stuttir dagar, viljum vera lengur og yfir sumarið
- Að mínu mati væri betra að koma með nokkur íslensk börn svo við getum aðlagast með þeirra hjálp

Hvað sögðu foreldrarnir?

- Mjög spennt og ánægð með það sem okkur var kynnt frá upphafi
- Frábær tilfinning. Miðstöðin veitti hjarta mínu og hjarta fjölskyldu minnar gleði
- Okkur líður vel og byggjum upp fjölskyldubönd við nýja umhverfið
- Ég er ánægð, sérstaklega fyrir börnin mín. Ég er upp á mitt besta þegar ég er hér með þér
- Frábær tilfinning, takk fyrir okkur. Við erum ánægð þar sem við höfum það gott hér.
- Já, mér líkaði við miðstöðina og ég naut góðs af því að undirbúa börnin mín fyrir skólann og fór í nokkra tungumálakennsl
- Námskeiðið var mjög gott og við töldum okkur vera heima

- Mjög góð þjónusta og börnin okkar hafa tekið fyrstu skrefin til að aðlagast íslensku samfélagi
- Kannski að bæta við athöfnum og viðburðum fyrir fullorðna og fleiri kennslustundum
- Vissulega er tilvist samkynhneigðra fána í mótsögn við íslamskt eðli okkar
- Vegna þess að við erum múslimar viljum við frekar að hlutir komi ekki fram sem breyta eðli mannegrar sköpunar
- Með þessu þökkum við öllum fyrir góða umgengni og góðvild í okkar garð. Við munum sakna ykkur
- Við Forðumst lituðum fánum. Við fullorðna fólkið viljum gera verkefni fyrir okkur sjálf, fjölga heimsóknum og kynnast íslensku samfélagi
- Öll ást og þakklæti til starfsmanna í þessari miðstöð, við erum ykkur þakklát.
- Já, ég mæli með og hvet til að halda áfram, því það styður börn og fjölskyldu þeirra til að aðlagast íslensku samfélagi.
- Já, ég mæli með öllum útlendingum að taka þátt í fjölskyldufræðsluverkefninu og búa sig undir að börn fari í skóla
- Já, ég mæli með því, sérstaklega fyrir börn og þjálfun þeirra fyrir skólann
- Við hjónin mælum með því að aðrir skrái sig í fræðslusetrið eins og hægt er, því námskeiðið hjálpaði okkur og börnunum mínum að aðlagast og breyta sálfræðilegu ástandi sínu úr slæmu í gott. Allt er þetta miðstöðinni og starfsmönnum hennar að þakka
- Okkur skortir ekki, allt er gott. En hinsegin fánar verður að minnka
- Öll þjónusta í fjölskyldumiðstöðinni, sérstaklega praktíska starfsfólkið með reynslu
- Þolinmæði og umburðarlyndi starfsmanna og góð umhyggja fyrir börnum sérstaklega
- Fallegar móttökur dag eftir dag og að takast á við bros á vör starfsmanna og kynna það besta sem þið hafið yfir
- Allt er fallett á þessum stað með góðri stjórnun

Hvað sögðu málstjórar hjá Velferðarsviði?

- Mikilvægt að starfið fór fljótt af stað og að fjölskyldurnar gátu verið saman í því að lenda í nýju samfélagi
- Í ljósi þess að hópurninn var á flakki vegna húsnæðisvanda var gott að þetta starf tók strax við þeim og ekki bið eftir því að komast í skólaúrræði
- Að bjóða foreldrum upp á kennslu í íslensku, studdi það hópinn að hafa þetta boð
- Að málstjórar hefðu vettvang til að hitta fjölskyldurnar reyndist mjög mikið gæfuspor fyrir alla málsaðila

- Það mikilvægasta var að fjölskyldur fóru beint inn í virkni, það skiptir höfuðmáli
- Að byggja upp traust milli starfsmanna og fjölskyldu reyndist mjög dýrmætt þar sem unnt var að koma samskiptum beint við málstjóra

Kristín Skjaldardóttir, félagsráðgjafi á Domus Mentis:

- Engin vafi á mikilvægi úrræðisins
- Mikilvægt að koma á fræðslu fyrir starfsfólk um áföll, fólk á flóttu, kröfur sem flóttafólk gerir í upphaf, tengsl og tengslaröf foreldra og barna, hvernig þroska barna getur farið aftur við áföll og flóttu, ásamt menningarlæsi
- Mikilvægt er að bjóða starfshópnum upp á hóphandleiðslu aðra hvor viku á meðan á úrræðinu stendur
- Að virkja foreldra strax frá upphafi í ákveðnum verkefnum sbr. það að útbúa mat
- Að vera næmur á menningarmun meðal starfsmanna og afleiðingar þess í vinnu með fólki
- Úrræðið þyrfti hugsanlega að standa lengur til að fólkið hefði andrými til að meðtaka allt
- Hópurinn sem fékk og þáði þessi aðstoð er betur í stakk búin inn í íslenskt leikskóla-, grunnskóla- og atvinnuumhverfi en það hefði annars verið

Bergdís Wilson, sérfræðingur í Nurture MMS

- Mikilvægt að útbúa skýran feril þegar samskonar verkefni verður komið aftur á
- Að ferlið sem verður teiknað upp sé skoðað út frá notandanum, frá því að hann lendir hér á landi og þar til hann fer frá skóla- og fjölskyldumiðstöðinni
- Mikilvægt að notandinn þekki fólkið sem hann er að fá aðstoð frá - þetta traust skiptir sköpum
- Að vinna út frá valdeflandi vinnuháttum - að fólk fái að nota styrkleika sína í erfiðum aðstæðum
- Að hafa símat á verkefninu - hvað segja notendur?

Rekstur og uppgjör

Launakostnaður	21.6062.798
Rekstur	3.476.224
Kostnaður	572.277
Húsaleiga og þrif	1.650.00
Alls	26.764,299 kr.

Styrkur frá Mennta- og Barna	16.275.000 kr.
Framlag Reykjavíkurborgar	10.489.299 kr.

Starfsmenn

- Verkefnastjóri í 50% starfi.
- Arabískumælandi brúarsmiður í 100% starfi.
- Þrír arabískumælandi starfsmenn í 100% starfi.
- Íslenskumælandi starfsmaður í 50% starfi.
- Tveir verkefnastjórar í fjölmenningu sem sáu um umsýslu og höfðu yfirumsjón með verkefninu, samskipti við Velferðarsvið og aðra aðila sem komu að verkefninu.

Lokaorð

Heilt yfir gekk verkefnið vonum framar þrátt fyrir ýmsar ófyrirsjáanlegar áskoranir. Í þessari samantekt var farið yfir starfsemi, áskoranir og upplifun fólks af skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir flóttafólk frá Gaza. Reynslan af verkefninu sýnir mikilvægi þess að taka vel á móti fólki í þessari viðkvæmu stöðu. Þróa þarf verkefnið áfram og draga lærdóm af þeim tveimur skóla- og fjölskyldumiðstöðvum sem settar voru á laggirnar, fyrir flóttafólk frá Úkraínu annars vegar og frá Gaza hins vegar. Mikilvægt er að þekkja til menningar þess hóps sem tekið er á móti með áherslu á menningarnæmi og inngildandi umhverfi. Gott er að kynna gildi og menningu íslensks samfélags fyrir hópnum í skrefum. Þar má t.d. nefna málefni sem tengjast hinsegin fræðslu, sýnileika regnbogafána o.fl. Í byrjun hausts fylgdu verkefnastjórar fjölmennningar og brúarsmiður börnum og foreldrum eftir í leik- og grunnskóla. Bæði foreldrar og börn hafa lýst yfir mikilli ánægju með utanumhald verkefnisins. Það sem af er hausti hefur hópurinn hist tvisvar sinnum í Samfélagshúsinu í Bólstaðarhlíð með verkefnastjórum fjölmennningar og brúarsmið þar sem hópnum er fylgt eftir. Á þeim fundum hafa foreldrar lýst yfir ánægju sinni með starfið og þessari ljúfu byrjun inn í samfélagið. Eins og fram kemur í skýrslunni telja sérfræðingar úrræði eins og þetta brýnt til þess að stuðla að farsælli byrjun í íslensku samfélagi. Við teljum mikilvægt að byggt verði á þessari reynslu og að fyrirmynd verkefnisins liggi til grundvallar þegar tekið verður á móti næsta hópi. Við viljum koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem að verkefninu komu og þann fjárhagslega stuðning sem Mennta- og barnamálaráðuneytið kostaði til en án hans hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika.

F.h. verkefnisins, Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Saga Stephensen
Verkefnastjórar fjölmennningar á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur